



72. ÍPRÓTTAÞING ÍSÍ

GULLHAMRAR, REYKJAVÍK

17. - 18. APRÍL 2015

Samþykktir Íþróttabings:

Breytingar á lögum ÍSÍ:

7. grein Kjörgengi – kosningaréttur

7.1. Kjörgengi og kosningarétt til íþróttabings og til ársþinga sambandsaðila ÍSÍ hafa þeir félagsmenn, sem náð hafa 16 ára aldri.

Breytist og verður:

7. grein Kjörgengi - kosningaréttur

7.1. Kjörgengi og kosningarétt til íþróttabings og til ársþinga sambandsaðila **ÍSÍ hafa allir lögráða félagsmenn.**

13. grein - Dagskrá íþróttabings

13.1, 20. Töluliður

20. Kosningar:

- a. Framkvæmdastjórn og varastjórn, sbr. 17. gr.
- b. Tveir skoðunarmenn og tveir til vara.
- c. Sex dómarar í dómstól ÍSÍ og sex dómarar í áfrýjunardómstól ÍSÍ.
- d. Kjörnefnd 5 manna og tveir til vara, sbr. gr. 11.5.

Allar kosningar gilda fram að kosningu á næsta íþróttabingi. Þær skulu vera skriflegar nema aðeins sé stungið upp á jafnmörgum og kjósa skal.

Breytist og verður:

20. Kosningar:

- a. **Framkvæmdastjórn, sbr. 17. gr.**
- b. Tveir skoðunarmenn og tveir til vara.
- c. Sex dómarar í dómstól ÍSÍ og sex dómarar í áfrýjunardómstól ÍSÍ.
- d. Kjörnefnd 5 manna og tveir til vara, sbr. gr. 11.5.

Allar kosningar gilda fram að kosningu á næsta íþróttabingi **að undanskilinni kosningu til framkvæmdastjórnar er gildir til fjögurra ára.** Þær skulu vera skriflegar nema aðeins sé stungið upp á jafnmörgum og kjósa skal.

15. grein – Formannafundur

15.1 Forseti skal boða til formannafundar á tímabilinu október til desember ár hvert.

Formannafundur skal boða með minnst mánaðar fyrirvara, og dagskrárliðir kynntir eigi síðar en tveimur vikum fyrir fund. Formannafundur er ráðgefandi samkoma.

Breytist og verður:

15.1 Forseti skal boða til formannafundar á tímabilinu október til desember ár hvert.

Formannafundur skal boða með minnst mánaðar fyrirvara, og dagskrárliðir kynntir eigi síðar en tveimur vikum fyrir fund. **Formannafundur er ráðgefandi samkoma og er heimilt að álykta um málefni tengd starfsemi ÍSÍ og skulu þær ályktanir vera í samræmi við lög og stefnu sambandsins.**

72. Íþróttapening ÍSÍ

17. grein – Framkvæmdastjórn

17.1 Í framkvæmdastjórn ÍSÍ eiga sæti:

- a) Fulltrúi Alþjóðaólympíu nefndarinnar (IOC) á Íslandi, hafi hann verið kjörinn í nefndina á grundvelli ríkisfangs og búsetu eða aðalbækistöðvar hér á landi.
- b) 11 menn kosnir á íþróttapeningi
Kosning fari þannig fram:
 1. Forseti
 2. 10 meðstjórnendur, skal hver þingfulltrúi kjósa 10 frambjóðendur til að atkvæði teljist gilt.
 3. 3 varamenn, skal hver þingfulltrúi kjósa 3 frambjóðendur til að atkvæði teljist gilt.
- c) Stjórnin kýs varaforseta, ritara og gjaldkera úr sínum hópi.
- d) Varamenn taka sæti í framkvæmdastjórn í þeirri röð, sem atkvæðamagn segir til um. Verði varamenn sjálfkjörnir taki þeir sæti í stjórninni í þeirri röð, sem þeir voru tilnefndir.
- e) Ef forseti fellur frá eða hættir á kjörtímabilinu tekur varaforseti sæti hans.

Breytist og verður:

17.1 Í framkvæmdastjórn ÍSÍ eiga sæti:

- a) Fulltrúi Alþjóðaólympíu nefndarinnar (IOC) á Íslandi, hafi hann verið kjörinn í nefndina á grundvelli ríkisfangs og búsetu eða aðalbækistöðvar hér á landi.
- b) **15 menn kosnir á íþróttapeningi:**
 - i. Forseti
 - ii. **14 meðstjórnendur,**
Kosning skal fara þannig fram að kjörtímabil er 4 ár og skal helmingur meðstjórnenda kjörinn á hverju íþróttapeningi.
- c) Stjórnin kýs varaforseta, ritara og gjaldkera úr sínum hópi. **Falli forseti frá eða hættir á kjörtímabilinu tekur varaforseti sæti hans fram að næsta íþróttapeningi. Sé forsetakjör ekki á dagskrá þess þings skal þrátt fyrir það kjörinn nýr forseti til tveggja ára. Hætti meðstjórnandi störfum eða falli hann frá skal kosinn meðstjórnandi í hans stað á næsta íþróttapeningi og skal kjörtímabil hans vera það sama og þess sem hann kemur í stað.**
- e)- liður fellur út.

17.2 Framkvæmdastjórn heldur fundi eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Milli funda annast framkvæmdaráð, þar sem sitja forseti, varaforseti, ritari og gjaldkeri um erindi sem berast framkvæmdastjórn og afgreiðslu þeirra. Framkvæmdastjóri sér um daglegan rekstur sambandsins samkvæmt erindisbréfi þar um. Forseti boðar til funda í framkvæmdastjórn.

Breytist og verður:

17.2 Framkvæmdastjórn heldur fundi eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Milli funda annast framkvæmdaráð, þar sem sitja forseti, varaforseti, ritari og gjaldkeri um erindi sem berast framkvæmdastjórn og afgreiðslu þeirra. Framkvæmdastjóri sér um daglegan rekstur sambandsins samkvæmt erindisbréfi þar um. Forseti boðar til funda í framkvæmdastjórn. **Komi til atkvæðagreiðslu á fundi framkvæmdastjórnar og atkvæði falla jöfn, þá skal atkvæði forseta ráða úrslitum.**

Ákvæði til bráðabirgða

Lagabreytingar sem samþykktar eru á 72. íþróttapeningi ÍSÍ taka ekki gildi fyrr en 72.

íþróttapeningi lýkur. Á íþróttapeningi ÍSÍ árið 2017 skal kosning meðstjórnenda fara þannig fram: Fyrst skulu kosnir sjö meðstjórnendur til fjögurra ára. Að þeirri kosningu lokinni skulu sjö meðstjórnendur vera kosnir til tveggja ára. Séu fleiri en sjö í framboði til fjögurra ára kjörtímabils skulu þeir sem ekki náðu kjöri eiga þess kost að bjóða sig fram í kosningu til tveggja ára.

72. Íþróttapening ÍSÍ

Tillaga um samþykkt á Lögum ÍSÍ um lyfjamál

72. Íþróttapening ÍSÍ, haldið dagana 17. – 18. apríl 2015 í Gullhömrum í Reykjavík samþykkir uppfærð Lög ÍSÍ um lyfjamál í samræmi við kröfur Alþjóðalyfjæftirlitsstofnunarinnar – WADA. Lögin voru samþykkt af framkvæmdastjórn ÍSÍ þann 2. október 2014. Lögin tóku gildi 1. janúar 2015. Með samþykkt féllu eldri Lög ÍSÍ um lyfjamál niður.

Tillaga um breytingu á Lögum ÍSÍ um lyfjamál

72. Íþróttapening ÍSÍ, haldið dagana 17. – 18. apríl 2015 í Gullhömrum í Reykjavík samþykkir eftirfarandi breytingar á lögum um lyfjamál; Þar sem íþróttamaður eða annar einstaklingur sem dæmdur hefur verið óhlutgengur, brýtur þátttökubann á óhlutgengistímanum sem lýst er í grein 10.12.1, skal árangur af slíkri þátttöku ógildur og nýtt tímabil óhlutgengis, jafn langt og hið upphaflega, bætast við upphaflega óhlutgengistímabilið. Nýtt tímabil óhlutgengis má stytta miðað við sektarstig íþróttamannsins eða aðilans og önnur málsatvik.

Ákvörðun um hvort íþróttamaður eða annar aðili hafi brotið gegn þátttökubanni og hvort stytting sé við hæfi, **er á valdi þess lyfjæftirlits er lagði til upphaflega dæmdan óhlutgengistíma.** Þessari ákvörðun má áfrýja samkvæmt grein 13.

Ef aðstoðarfólk íþróttamanns eða annar aðili veitir aðstoð við brot á þátttökubanninu á óhlutgengistímanum, má lyfjaráð ÍSÍ beita viðkomandi viðurlögum samkvæmt brotum á grein 2.9.

10.10 Fjárhagsleg viðurlög

Ef íþróttamaður eða annar aðili brýtur lyfjareglu, er lyfjaráði ÍSÍ heimilt og með fyrirvara um meðalhófsregluna að ákveða að a) endurheimta frá íþróttamanninum eða öðrum brotlegum einstaklingi kostnað vegna brotsins á lyfjareglunni án tillits til dæmdu óhlutgengis og/eða b) sekta íþróttamanninn eða annan brotlegan einstakling um allt að 100.000 ISK, eingöngu í þeim tilvikum þar sem hámarksviðurlögum hefur þegar verið beitt.

Beiting sekta eða endurheimt lyfjaráðs ÍSÍ á kostnaði telst ekki grundvöllur fyrir styttingu á óhlutgengi eða öðrum viðurlögum sem annars mætti beita samkvæmt þessum lyfjareglum eða lyfjalögnum.

Aðrar samþykktir:

Tillaga um stofnun nýrra sérsambanda

72. Íþróttapening ÍSÍ, haldið dagana 17. – 18. apríl 2015 í Gullhömrum í Reykjavík samþykkir að heimila framkvæmdastjórn ÍSÍ að vinna að stofnun þriggja nýrra sérsambanda fram að næsta Íþróttapeningi. Um er að ræða sérsambönd í hnefaleikum, bogfimi og þríþraut.

Verkefnið Fyrirmyndarhérað ÍSÍ

72. Íþróttapening ÍSÍ, haldið dagana 17.-18. apríl 2015 í Gullhömrum í Reykjavík samþykkir að framkvæmdastjórn ÍSÍ veiti þeim héraðssamböndum/íþróttabandalögum sem þess óska viðurkenningu sem *Fyrirmyndarhérað ÍSÍ* að undangenginni umsókn og uppfylltum kröfum sem ÍSÍ setur fram og samþykktar eru á þingi þessu.

72. Íþróttaping ÍSÍ

Tillaga um endurskoðaða stefnu ÍSÍ í íþróttum barna og unglunga

72. Íþróttaping ÍSÍ, haldið dagana 17.-18. apríl 2015 í Gullhömrum í Reykjavík samþykkir endurskoðaða stefnu ÍSÍ í íþróttum barna og unglunga. Núgildandi stefna var sett á 63. Íþróttapingi ÍSÍ á Akranesi árið 1996.

Tillaga um umhverfisstefnu ÍSÍ

72. Íþróttaping ÍSÍ, haldið dagana 17. – 18. apríl 2015 í Gullhömrum í Reykjavík samþykkir endurskoðaða Umhverfisstefnu ÍSÍ.

Áskorun á ríkisvaldið vegna almenningsíþróttaverkefna

72. Íþróttaping ÍSÍ, haldið dagana 17. – 18. apríl 2015 í Gullhömrum í Reykjavík hvetur Alþingi og ríkisstjórn Íslands að styrkja með myndarlegum hætti lýðheilsu- og almenningsíþróttaverkefni ÍSÍ með framlagi á sérlið í fjárlögum.

Áskorun um ríkisstyrk til sérsambanda ÍSÍ

72. Íþróttaping ÍSÍ, haldið dagana 17. – 18. apríl 2015 í Gullhömrum í Reykjavík skorar á Alþingi og ríkisstjórn Íslands að þrefalda árlegt framlag til sérsambanda ÍSÍ til að efla megi starfsemi þeirra.

Áskorun um stuðning við íþróttahéruð

72. Íþróttaping ÍSÍ, haldið dagana 17. – 18. apríl 2015 í Gullhömrum í Reykjavík skorar á Alþingi og ríkisstjórn Íslands til að styðja við héraðssambönd og íþróttabandalög til að gera þeim kleift að ráða starfsmann sem sinnti m.a. lögbundinni starfsemi og upplýsingagjöf ásamt útbreiðslu og eflingu íþróttastarfs á sínu svæði. Þannig má bæta þjónustu við aðildarfélög og efla faglegt íþróttastarf um land allt.

Áskorun um stefnumótun mennta- og menningamálaráðuneytisins í íþróttamálum

72. Íþróttaping ÍSÍ, haldið dagana 17. – 18. apríl 2015 í Gullhömrum í Reykjavík hvetur Alþingi og ríkisstjórn til að gera úttekt á því hvað áunnist hefur með stefnumótun mennta- og menningamálaráðuneytisins í íþróttamálum 2010-2015 og hefja nú þegar vinnu við endurskoðun stefnunnar til ársins 2020.

72. Íþróttaping ÍSÍ hvetur jafnframt Alþingi og ríkisstjórn til að tryggja nauðsynlegt fjármagn til að hrinda stefnunni í framkvæmd. Mikilvægt er að henni verði fylgt eftir með markvissri kynningu og árlegu stöðumati.

Áskorun um lyfjaeftirlitstofnun

72. Íþróttaping ÍSÍ, haldið dagana 17. – 18. apríl 2015 í Gullhömrum í Reykjavík hvetur Alþingi og ríkisstjórn til að koma sem fyrst á fót sjálfstæðri Lyfjaeftirlitsstofnun, í samstarfi við Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, sem leiðir forvarnarstarf og baráttu gegn lyfjamisnotkun í íþróttum.

Áskorun vegna þjóðarleikvanga

72. Þing ÍSÍ, haldið 17.-18. apríl 2015, skorar á ríkisvaldið að fjölga viðurkenndum þjóðarleikvöngum og styrkja rekstur þeirra.

72. Íþróttaping ÍSÍ

Áskorun um Ferðasjóð íþróttafélaga

72. Íþróttaping ÍSÍ, haldið dagana 17. – 18. apríl 2015 í Gullhömrum í Reykjavík þakkar Alþingi og ríkisstjórn Íslands fyrir góðan stuðning við Ferðasjóð íþróttafélaga. Jafnframt er skorað á Alþingi og ríkisstjórn Íslands að auka enn frekar framlag sitt. Öflugur ferðasjóður er forsenda þess að hægt sé að stuðla með marktækum hætti að jafnræði íþróttaiðkenda til þátttöku í íþróttakeppni hvar sem er á landinu. Hér er því um mikilvægt byggðamál að ræða.

Áskorun um afreksíþróttafólk í háskólanámi

72. Íþróttaping ÍSÍ, haldið dagana 17. – 18. apríl 2015 í Gullhömrum í Reykjavík skorar á háskólana í landinu að veita afreksíþróttafólki aukið svigrúm þegar skólaverkefni og próftaka rekast á við þátttöku í mikilvægum íþróttamótum.

Áskorun um aukna styrki til afreksíþróttara

72. þing ÍSÍ, haldið 17.-18. apríl 2015, skorar á Alþingi og ríkisvaldið að auka styrki til afreksíþróttara tífalt á næstu 5 árum.

Áskorun um afreksíþróttafólk í framhaldsnámi

72. Íþróttaping ÍSÍ, haldið dagana 17. – 18. apríl 2015 í Gullhömrum í Reykjavík hvetur Alþingi og ríkisstjórn Íslands til að hefja viðræður við ÍSÍ varðandi reglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna með það fyrir augum að að gera afreksíþróttafólki betur kleift að stunda lánshæft háskólanám meðfram þátttöku sinni í afreksíþróttastarfi.

Áskorun um Afrekssjóð ÍSÍ

72. Íþróttaping ÍSÍ, haldið dagana 17. – 18. apríl 2015 í Gullhömrum í Reykjavík skorar á Alþingi og ríkisstjórn Íslands að tryggja að framlag ríkisins til Afrekssjóðs ÍSÍ sé sambærilegt því sem gerist hjá öðrum norrænum þjóðum.

Tillaga um myndun stuðningshóps vegna siðamála

72. þing ÍSÍ, haldið 17. - 18. apríl 2015, samþykkir að fela stjórn ÍSÍ að vinna að því mynda hóp sérfræðinga til stuðnings aðilum innan ÍSÍ, komi upp mál sem varðar siðamál af ýmsu tagi.

Tillaga um tryggingar íþróttafólks

72. þing ÍSÍ, haldið 17.-18. apríl 2015, samþykkir að fela stjórn ÍSÍ að vinna að því að iðkendur innan íþróttahreyfingarinnar séu tryggðir gagnvart slysum við iðkun sína.

Áskorun um að standa vörð um Getspá og Getraunir

72. Íþróttaping ÍSÍ, haldið dagana 17. – 18. apríl 2015 í Gullhömrum í Reykjavík hvetur sambandsaðila sína til að standa vörð um Íslenskar getraunir og Íslenska getspá. Þá eru sambandsaðilar hvattir til að gera ekki samstarfssamninga við fyrirtæki um talnagetraunir sem ekki hafa starfsleyfi á Íslandi.

Tillaga um Íslenska getspá og Íslenskar getraunir

72. Íþróttaping ÍSÍ, haldið dagana 17. – 18. apríl 2015 í Gullhömrum í Reykjavík þakkar innanríkisráðuneytinu það starf sem unnið hefur verið til þess að koma í veg fyrir auglýsingar ólöglegra spilafyrirtækja hér á landi.

Jafnframt hvetur íþróttaping ÍSÍ innanríkisráðuneytið til að leggja sitt af mörkum við að verja íslenskan spilamarkað enn frekar fyrir ólöglegum erlendum spilafyrirtækjum, m.a. með því að

72. Íþróttaping ÍSÍ

stuðla að banni á greiðslumiðlun til þessara aðila. Þá hvetur Íþróttaping ÍSÍ ráðuneytið til að tryggja starfsumhverfi Íslenskrar getspar og Íslenskra getrauna og tryggja að þessi mikilvægu fyrirtæki geti áfram stutt íþróttahreyfinguna með öflugum hætti um ókomin ár.

Áskorun til sveitarfélaga

72. Íþróttaping ÍSÍ, haldið dagana 17. – 18. apríl 2015 í Gullhömrum í Reykjavík þakkar sveitarfélögum á landinu fyrir mikla uppbyggingu íþróttamannvirkja á landsvísu og hvetur þau til að tryggja rekstur og viðhald íþróttamannvirkja í landinu með auknum fjárframlögum.

Tillaga um launakerfi fyrir íslenskt afreksíþróttafólk

72. Íþróttaping ÍSÍ, haldið dagana 17. – 18. apríl 2015 í Gullhömrum í Reykjavík hvetur ÍSÍ til að hefja viðræður við íslenska ríkið um launakerfi fyrir íslenskt afreksíþróttafólk sem tryggir lýðréttindi þeirra.

Tilmæli vegna Afreksstefnu ÍSÍ

72. Íþróttaping ÍSÍ, haldið dagana 17. – 18. apríl 2015 í Gullhömrum í Reykjavík mælir til að framkvæmdastjórn ÍSÍ leggi fram lagabreytingu fyrir 73. Íþróttaping ÍSÍ 2017 þess efnis að Afreksnefnd verði ein af föstum þingnefndum Íþróttapings ÍSÍ og að nefndin fjalli um Afreksstefnu ÍSÍ á hverju þingi.

Áskorun vegna hagræðingu úrslita í íþróttakappleikjum

72. Íþróttaping ÍSÍ, haldið dagana 17. – 18. apríl 2015 í Gullhömrum í Reykjavík fagnar skipun starfshóps mennta- og menningamálaráðuneytisins sem gera á tillögur um hvernig hægt sé að vinna að samstarfi innanlands gegn hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum og hvernig alþjóðasamningi EPAS (European Partial Agreement on Sport) um hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum skal framfylgt. Alþjóðasamningurinn var samþykktur af ráðherranefnd Evrópuráðsins 9. júlí 2014 og undirritaður af hálfu íslenska ríkisins 13. nóvember 2014.

Tillaga um millipinganefnd

72. Íþróttaping ÍSÍ, haldið dagana 17. – 18. apríl 2015, í Gullhömrum Reykjavík, samþykkir að setja á laggirnar millipinganefnd til að fara yfir formlegar og óformlegar samskiptaleiðir framkvæmdastjórnar ÍSÍ og sérsambanda ÍSÍ annars vegar og framkvæmdastjórnar ÍSÍ og íþróttabandalaga/héraðssambanda hinsvegar.

Markmið með vinnu nefndarinnar er að finna möguleika til að sjálfböðavinna einstaklinga innan íþróttahreyfingarinnar nýtist hreyfingunni betur til dæmis með því að skoða hugmyndir um hvernig megi formgera stöðu Ólympískra sérsambanda ÍSÍ og skilgreina hlutverk þeirra í undirbúningi Ólympískra verkefna. Þá þarf nefndin huga að stöðu annarra sérsambanda. Nefndinni er einnig ætlað að kynna sér samstarf og samskipti einstakra sérsambanda og héraðssambanda/íþróttabandalaga.

Nefndinni er ætlað að skila áfangaskýrslu um störf sín á formannafundum ÍSÍ 2015 og 2016 og hún lýkur störfum á Íþróttapingi 2017. Þar ber henni að leggja fram tillögur sínar til úrbóta, ef einhverjar eru, ásamt lokaskýrslu um störf sín.

72. Íþróttapening ÍSÍ

Nefndin skal skipuð 9 einstaklingum. Framkvæmdastjórn ÍSÍ skipar nefndina á fyrsta fundi sínum eftir Íþróttapening. Hún skal skipuð 3 fulltrúum íþróttabandalaga/héraðssambanda, 3 fulltrúum sérsambanda og 3 fulltrúum framkvæmdastjórnar ÍSÍ. Formaður nefndarinnar er skipaður af framkvæmdastjórn ÍSÍ og skal hann vera úr hópi nefndarmanna. Nefndin vinnur í nánú samstarfi við framkvæmdastjórn ÍSÍ og upplýsir hana um störf sín eftir því sem við á hverju sinni.

Tillaga um fjárhagsáætlun 2015-2016

72. Íþróttapening ÍSÍ, haldið dagana 17. – 18. apríl 2015 í Gullhömrum í Reykjavík samþykkir eftirfarandi fjárhagsáætlun fyrir árin 2015-2016:

	Niðurstaða 2014	Áætlun 2015	Áætlun 2016
REKSTRARTEKJUR			
1. Rekstrarstyrkir ríkissjóðs	125.300.000	125.300.000	146.000.000
2. Íslensk getsþá	27.430.308	26.000.000	24.000.000
3. Ósóttir vinningar	5.000.000	5.000.000	5.000.000
4. Íslenskar gettraunir	0	5.950.000	5.950.000
5. Styrkir IOC/EOC	24.223.311	32.500.000	35.000.000
6. Smáþjóðaleikar á Íslandi 2015	0	490.643.287	25.000.000
7. Aðrar tekjur	1.873.206	5.100.000	5.100.000
SAMTALS:	183.826.825	690.493.287	246.050.000
REKSTRARGJÖLD			
8. Skrifstofukostnaður	105.231.420	100.150.000	116.000.000
9. Funda- og ferðakostnaður	10.410.562	10.000.000	10.000.000
10. Stoðsvið, nefndir og verkefni	8.079.250	11.800.000	13.300.000
11. Lyfjaeftirlit	11.996.618	11.600.000	16.000.000
12. Íþróttamiðstöðin Laugardal	11.841.606	11.890.000	14.000.000
13. Íþróttaleg samskipti, Afreks- og Ólympíusvið	13.185.334	21.307.000	21.000.000
14. Smáþjóðaleikar á Íslandi 2015	628.986	490.000.000	25.000.000
15. Framlög til verkefna	2.000.000	2.000.000	3.000.000
16. Íþróttapening og formannafundur ÍSÍ	1.357.441	7.500.000	2.000.000
17. Tölvukerfi íþróttahreyfingarinnar - Felix	6.244.021	17.000.000	17.000.000
18. Annar kostnaður	4.910.412	5.800.000	4.800.000
19. Afskriftir	1.732.637	1.700.000	1.700.000
SAMTALS:	177.618.287	690.747.000	243.800.000
20. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	1.930.280	1.500.000	1.500.000
HAGNAÐUR (TAP) ÁRSINS	8.138.818	1.246.287	3.750.000